

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2008

INNGANGUR

Vinna við gerð fjárhagsáætlunar hófst í bæjarráði fyrri hluta októbermánaðar 2007. Nokkrir vinnufundir voru haldnir og var áætlunin til fyrri umræðu bæjarstjórnar þann 20. nóvember 2007. Síðari umræða bæjarstjórnar fór fram 11. desember 2007.

Við gerð fjárhagsáætlunar er hollt að leiða hugann að lögbundnu hlutverki og ábyrgð sveitarfélaga. Fjárhagsáætlanir, hvort sem um er að ræða í einkafyrirtæki eða stofnun, er stefnumótunarverkfæri þar sérstakar áherslur eru lagðar fram og framkvæmdum forgangsraðað. Sveitarfélag á við Blönduósbæ eru þó þröngar skorður settar og möguleikar á stórfelldum breytingum ekki miklar, enda fer stór hluti tekna sveitarfélagsins í lögbundna þjónustu og samningsbundin útgjöld. Svigrúmið er því oft á tíðum lítið, nema þá að þjónusta verði skert.

Bæjarstjórn Blönduósbæjar leggur fram í stefnumótunarvinnu þessari fram stór og metnaðarfull skref í átt að frekari uppbyggingu bæjarfélagsins. Þar ber hæst að nefna byggingu sundlaugar. Stefnt er að því að vinna við byggingu sundlaugarinnar hefjist á vormánuðum og verði lokið ári seinna eða vorið 2009. Jafnframt lítur bæjarstjórn á skipulagsmál sem eitt af forgangsverkefnum á árinu 2008 enda mikilvægt að hafa til reiðu byggingarhæfar lóðir.

Fyrir utan hefðbundinn rekstur er gert ráð fyrir eftirfarandi fjármagni til beinna framkvæmda í fjárhagsáætlun 2008, sem eru helstar:

- Sundlaugarbygging: 120 mkr.
- Gatnagerð og lagnir við Hólabraut: 7 mkr.
- Gatnagerð og lagnir við Brautarhvam: 8 mkr.
- Framkvæmdir á skólalóð: 5 mkr.

Gert er ráð fyrir sölu 4 íbúða úr félagslega kerfinu á árinu 2008.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu forsendum og lykilatriðum í fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar fyrir árið 2008.

Janúar 2008
Arnar Þór Sævarsson
Bæjarstjóri

SKATTTEKJUR

Undir þennan málaflokk falla allar tekjur sveitarfélagsins sem heyra undir ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. útsvar, fasteignaskattur, framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (að undanskildum stofnframlögum) og aðrar þær tekjur, sem eðli sínu samkvæmt geta talist skattar. Undir málaflokkinn falla einnig tekjur sveitarfélaga af lóðarleigu.

Tekjur ársins 2007 urðu nokkuð hærrí við endurskoðun en gert var ráð fyrir í upphaflegri fjárhagsáætlun þess árs. Í endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2007 er gert ráð fyrir að skatttekjur hækki um 74 mkr. Áætlun þessa árs gerir ráð fyrir rúmum 450.606 milljónum króna skatttekjum.

Skatttekjur:

Fjárhagsáætlun 2007	Endurskoðuð áætlun 2007	Fjárhagsáætlun 2008
356.653	430.653	450.606

Nánari sundurliðun skatttekna:

Útsvar

Útsvarsprósenta helst óbreytt, 13,03%. Áætlaður íbúafjöldi á árinu er miðaður við íbúafjölda skv. Hagstofu Íslands 1. des. 2007 eða 895 íbúar.

Útsvarstekjur 2008: 243.327 þús kr.

Fasteignaskattur

Gengið er út frá eftirfarandi álagningareglum:¹

- a) 0,43% (0,43%) af fasteignarmati íbúðarhúsnæðis.
- b) 1,32% (0,88%) af fasteignamati bygginga í opinberri eigu.
- c) 1,55% (1,55%) af fasteignarmati annarra fasteigna (atvinnuhúsnæði).

Fasteignaskattur 2008: 38.882 en gert er ráð fyrir að afsláttur á fasteignaskatti sbr. 5. gr. laga nr. 4/1995 sé tæp 1.2 mkr = 37.682 þús kr.

Jöfnunarsjóður

Framlag Jöfnunarsjóðs 2008: 156.450 þús kr.

Lóðarleiga

2,0% (2%) af fasteignamati lóða, beiti- og ræktunarlóðir. Að auki er innheimt 0,6 kr. á fm. en aldrei lægra en 6.000 fyrir beit- og ræktunarlönd.

Lóðarleiga 2008: 10.304 þús kr.

¹ Tölur innan sviga sýna álagningu ársins 2007.

ÞJÓNUSTUTEKJUR

Þjónustutekjur eru þær tekjur sem sveitarfélagið innheimtir vegna þjónustu við íbúana, s.s. vatns- og fráveitugjald, leikskólagjöld ofl.

Vatnsgjald

0,30% (0,30%) af fasteignamati.

Vatnsgjald 2008: 13.800 þús kr.

Aukavatnsskattur

kr. 13,00 (13,00) per tonn.

Aukavatnsgjald 2008: 2.000 þús kr.

Holræsagjald

0,275% (0,275%) af fasteignamati.

Holræsagjöld 2008: 12.450 þús kr.

Sorphirðugjald

Þjónustuþegar innan Blönduóssbæjar

- Á hverja íbúð og á lögbyli eða íbúðarhús utan þéttbýlis:
Sorphirðugjald kr. 11.770
Sorpörgunargjald kr. 6.300
Samtals: kr. 18.070
- Á sumarhús, kr. 6.300 sorpförgunargjald
- Hesthús í skipulögðum hesthúsabyggðum, kr. 6.300 á hús
- Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar greiða sorpeyðingargjald skv. áætluðu sorpmagni sem frá starfsstöð fellur:

A-flokkur, kr	6.300
B-flokkur, kr	12.000
C-flokkur, kr	25.000
D-flokkur, kr	50.000
E-flokkur, kr	85.000
F-flokkur, kr	120.000
G-flokkur, kr	170.000
H-flokkur, kr	230.000

- Þjónustuþegar utan lögheimilissveitarfélags: Innheimt skv. magni kr. 7,5 á kg.

Sorphirðugjöld 2008: 16.160 þús.

Leikskólagjöld

Hækkun skv. verðlagsbreytingum.

Leikskólagjöld 2008: 16.406 þús kr.

Skóladagheimili

5 – 20 klst. á viku, kr. 189 klst. Stakur tími kr. 243,-
Skóladagheimilisgjöld 2008: 2.100 þús kr.

Íþróttamiðstöð og sundlaug

Verðskrá hækkar um verðlagsbreytingar þann 1. júní 2008

Félagsheimilið á Blönduósi

Verðskrá hækkar um verðlagsbreytingar..

Höfn

Verðskrá óbreytt.

EIGNATEKJUR

Húsaleiga

Húsaleiga í félagslega íbúðakerfinu hækkar um 6% á milli ára og hússjóður um 6%. Íbúðir í eigu Blönduóssbæjar eru nú 39 talsins. Fimm íbúðir voru seldar á árinu 2007 og er það stefna bæjarstjórnar að halda áfram sölu íbúða úr félagslega kerfinu. Gert er ráð fyrir sölu fjögurra íbúða á árinu 2008.

Húsaleigutekjur v. félagslegra íbúða 2008: 32.000 þús kr.

EIGNASJÓÐUR

Í eignarsjóði eru tekjur, gjöld og rekstur fasteigna er fært sem sjálfstæð eining innan A-hluta.

Í eignasjóði er almennt viðhald og framkvæmdir vegna fasteigna sveitarfélagsins. Tekjur eignasjóðs eru leigutekjur af fasteignum (þó ekki félagslegum íbúðum) og öðrum eignum sjóðsins, aðallega til þjónustustofnana aðalsjóðs.

Heildartekjur eignasjóðs árið 2008 eru áætlaðar 72.200 þús kr. Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð 36.600 þús kr., þar af eru afskriftir um 18.300 þús kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 19.550 kr. í eignasjóði þar af eru um 16.300 þús vegna skulda við eigin fyrirtæki. Áætluð niðurstaða rekstrarreiknings sjóðsins er því jákvæð uppá 16.050 þús kr.

REKSTRARGJÖLD

Áætluð rekstrarniðurstaða aðalsjóðs 2008 er áætluð jákvæð um 26.200 þús kr.

Langstærsti einstaka útgjaldaliður A-hluta samstæðu er launakostnaður. Árið 2008 eru laun og launatengd gjöld í aðalsjóði áætluð 231.000 þús kr. Annar rekstrarkostnaður hljóðar uppá 259.000 þús kr. og afskriftir tæpar 18.300 þús kr.

Skv. áætlun þessari hækka laun að meðaltali um 3% á milli ára.

(B-hluti) Fyrirtæki og stofnanir

Til B-hluta fyrirtækja heyra Félagsheimilið á Blönduósi, Félagslegar íbúðir, Hafnarsjóður og Blönduóssveitur.

Gert er ráð fyrir 2.000 þús kr. í viðhald félagslegra íbúða og að seldar verði 4 íbúðir á árinu 2008.

Jafnframt er gert ráð fyrir viðhaldi á Félagsheimili upp á 6 milljónir.

SAMSTÆÐUREIKNINGUR 2008

Helstu atriði fjárhagsáætlunar samstæðu Blönduóssbæjar 2008 eru:

- Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs: 26.234
Með eignasjóði :42.281
- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta ársins 2008 er áætluð jákvæð um 33.114 þús kr. Veltufé frá rekstri er sjóðstreymistala sem lýsir fjármunamyndun félagsins á tímabilinu. Oftast er þessi tala svipuð rekstrarafkomunni að viðbættum gjaldfærðum afskriftum á tímabilinu. Veltufé frá rekstri samstæðu er áætlað jákvæð um 70 mkr og handbært fé í árslok rúmar 28 mkr.
- Heildartekjur samstæðu eru áætlaðar 626.204 þús kr.
Sem skiptast þannig:
 - Skatttekjur: 443,6 millj.
 - Aðrar tekjur: 182,6 millj.
- Heildarrekkstrargjöld samstæðu án fjármagnsliða eru áætluð 584.725 þús kr. en þar af eru afskriftir reiknaðar um 37.944 þús kr.
- Fjárfestingarhreyfingar: 140.000 þar af 120.000 þús kr áætlaðar í byggingu á sundlaug.
- Fjármagnsgjöld lækka frá árinu 2007 um tæpar 29 mkr og eru áætluð 8.365 þús kr. árið 2008. Ákveðið var að áætla ekki verðbólgu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2008.
- Áætluð lánsþörf ársins er 60.000 þús kr.
- Afborganir langtímalána eru áætlaðar um 81.545 þús kr.
- Í fjárhagsáætlun 2007 voru heildarskuldir 1.167.802 þús og þar af lífeyrissjóðsskuldbindingar um 88.085 þús kr. Áætlað er að heildarskuldir samstæðu hækki í krónum talið um 19.568 þús frá árinu 2007. Skuldir og eigið fé í árslok 2008 eru áætlaðar 1.187.370 þús kr. þar af eru lífeyrissjóðsskuldbindingar áætlaðar 96.085 þús kr.